



Lög Júdosambands Íslands



1. gr.

Júdosamband Íslands (JSÍ) er æðsti aðili um öll júdómál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2.gr.

Júdosamband Íslands er samband júðaráða og héraðssambanda, og eru öll félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa og keppa í júdó, aðilar að JSÍ.

3. gr.

Starf JSÍ er í meginatriðum:

- Að hafa yfirstjórn allra íslenskra júdómála.
- Að vinna að eflingu júdó í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd júdó.
- Að vinna að kynningum og gerð kennsluefnis sem nýtist öllum félögum innan sambandsins.
- Að stuðla að og styrkja stofnun nýrra júðofélaga, eða júðóeilda innan starfandi íþróttafélaga.
- Að tryggja jákvæða ímynd Júdó á Íslandi.

4. gr.

Málefnum JSÍ er stjórnað af:

- Júðóþingi
- Stjórn JSÍ

5. gr.

Júðóþing fer með æðsta vald í málefnum JSÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda JSÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir fjölda keppenda þeirra í eftirtöldum mótum JSÍ. Íslandsmeistaramót, (ekki Sveitakeppni) Afmælistmót, Haustmót og Vormót. Þar sem þing er haldið ár hvert í tengslum við Íslandsmeistaramót skal keppendafjöldinn á Íslandsmeistaramótinu árið áður vera talinn. Hver keppandi er aðeins talinn einu sinni í hverju móti þó að hann keppi í fleiri en einum þyngdar eða aldursflokki. Fulltrúafjöldinn reiknast þannig út að fyrir 1-10 keppendur fæst einn fulltrúi, síðan bætist við fulltrúafjöldann í hlutfalli við þátttöku þeirra í ofangreindum mótum þannig að fyrir næstu 11-30 keppendur fæst annar fulltrúi og síðan einn fulltrúi fyrir hverja 20 keppendur þar á eftir. Þau félög sem engan keppanda hafa átt á milli þinga, eiga rétt einum fulltrúa til þingsetu sem hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið skal háð í tengslum við Íslandsmót og eigi síðar en í apríl ár hvert.

Skal boða það bréflaga með minnst 1 mánaða fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn JSÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn JSÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Kjörbréfum skal skila til stjórnar JSÍ í síðastalagi 7 dögum fyrir þing, að öðrum kosti verða menn ekki kjörgengir nema með samþykki meirihluta löglegra þingfulltrúa á yfirstandandi þingi. Júðóþing er lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

6. grein

Á Júðóþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn JSÍ, varastjórn og endurskoðendur
- Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fastráðnir starfsmenn JSÍ
- Fulltrúar dómarafélaga
- Allir nefndarmenn JSÍ
- Íþróttfulltrúi og Íþróttanefnd ríkisins



Auk þess getur stjórn JSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar júdó innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á júdóþing og eigi hann heima innan héraðs. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Heimilt er að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sem hann er fulltrúi fyrir þó ekki með fleiri en 2 atkvæði alls. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en 1 atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7. gr.

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa hálfu styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraði eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt júdóþing.

8. gr.

Störf Júdóþings eru:

1. Þingsetning
2. Kosin kjörbréfanefnd
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins
4. Kosnar fastar nefndir:
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laga- og leikreglnanefnd
 - c) Allsherjarnefnd

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar.
7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, sem fram hafa komið
9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

-Þinghlé-

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
11. Ákveðið gjald ævifélaga
12. Önnur mál
13. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara
14. Kosnir 3 menn í dómaranefnd og 3 til vara
15. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing
16. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og endurskoðenda
17. Þingslit

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingu sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þing getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þings var send sambandsaðilum (skv. 5.gr. 2. málsgrein). Ársskýrslu JSÍ, sem stjórn skal leggja fyrir þing, svo og ágrip af fundargerðum þings, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum JSÍ innan 2 mánaða frá þingslitum.

9. gr.

Stjórn JSÍ skal skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 3 meðstjórnendur. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst og síðan aðra í stjórn í einu lagi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn. Vorið 2003, þegar þessi lög hafa tekið gildi, verður formaður og tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn verða kosnir til eins árs en síðan til tveggja ára í senn þar á eftir. Þannig er tryggt að öll stjórnin fari ekki frá í einu. Einnig skal kjósa 3 menn til vara, skulu þeir kosnir hver í sínu lagi, fyrst 1.vm. síðan 2.vm. og loks 3.vm. Samkvæmt þessari röð taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast. Hætti einhver aðalmaður sem kosinn er til tveggja ára áður en kjörtímabil hans er útrunnið, skal á næsta þingi kjósa annan mann í hans stað til eins árs. Varamenn eru kosnir til eins árs í senn. Tækniráð, skal tilnefnt af stjórn JSÍ og skipað 3 mönnum og geta þeir hvort heldur verið innan eða utan stjórnar JSÍ og lágmarksgráða þeirra skal vera 1. dan.

Framkvæmdastjórn JSÍ, skipuð formanni, ritara og gjaldkera, sér um framkvæmd samþykktar stjórnarinnar og daglega umsýslu.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár JSÍ er almanaksárið.

10. gr.

Starfsvið stjórnar JSÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir Júdópings
- b) Að vinna að eflingu júdó í landinu
- c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir júdó
- d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar
- e) Að líta eftir að lög og leikreglur JSÍ séu haldin
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði
- g) Að raða niður og ákveða staði og tíma fyrir landsmót. Það skal JSÍ að jafnaði gera fyrir hvert keppnistímabil sem er frá 1. sept. til 31. ágúst og þá í samráði við stjórnir aðildarféлага.
- h) Að úthluta þeim styrkjum til júdó, sem JSÍ fær til umráða.
- i) Að koma fram erlendis fyrir júdó í landinu
- j) Að taka ákvörðun um landskeppni og veita heimild til þátttöku í keppni erlendis.

11. gr.

Formaður JSÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr.

Aðildarfélag JSÍ eru milliliðir milli féлага sinna og stjórnar JSÍ. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að móti lýkur.

13. gr.

JSÍ skal í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

14. gr.

Stjórn JSÍ hefur frjálstan aðgang að öllum júdómótum og sýningum, sem fara fram innan vébanda JSÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómaraféлага og héraðssambanda, sem eru aðilar að JSÍ.

15. gr.

Tillögur um að leggja JSÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu Júdóþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillaga síðan látin ganga til næsta reglulegs



þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja JSÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir JSÍ til varðveislu.

16. gr.

Kærur skulu vera skriflegar og skal kæran eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því hið kærða atvik átti sér stað. Sé kæran póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæra ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formsgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurður og dómar dómstóls JSÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Fyrst útgefin 28.01. 1973.

Útgefin með breytingum:

- eftir 02. ársþing JSÍ 13.10.1973
- eftir 05. ársþing JSÍ 30.10.1976
- eftir 14. ársþing JSÍ 08.06.1985
- eftir 16. ársþing JSÍ 30.05.1987
- eftir 18. ársþing JSÍ 22.-23. apríl 1989
- eftir 20. ársþing JSÍ 26.01.1991
- eftir 25. ársþing JSÍ 31.03.1996
- eftir 26. ársþing JSÍ 22.03.1997
- eftir 27. ársþing JSÍ 21.03.1998
- eftir 29. ársþing JSÍ 30.07.2000
- eftir 31. ársþing JSÍ 22.08.2002
- eftir 32. ársþing JSÍ 04.04.2003
- eftir 34. ársþing JSÍ 23.04.2005
- eftir 35. ársþing JSÍ 22.04.2006
- eftir 36. ársþing JSÍ 31.03.2007